


# Stefna um veitinga- og gististaði

Opinn fundur, Borgartúni kl. 17.00-18.30, 21. júní 2017



## Opinn kynningarfundur um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

### Gildandi stefna um veitinga- og gististaði

Hvaða atriði stefnunnar eru til endurskoðunar og forsendur breytinga.

### Breytingartillögur

Drög að breyttum heimildum um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum.

**Haraldur Sigurðsson**, skipulagsfræðingur, deildarstjóri aðalskipulags kynnrir

### Umræður og fyrirspurnir

**Fundarstjóri: Halldór Nikulás Lárusson**

Einnig til svara á fundinum eru :

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs,

Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur sviðsstjóra


Jón Kjartan Ágústsson, skipulagsfræðingur

Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur, ritari

# Stefna um veitinga- og gististaði

## Tilgangur fundar

- Kynna drög að breytingum
- Breyting á almennum heimildum um veitinga- og gististaði
- Breyttar skilgreiningar á einstökum landnotkunarsvæðum, þ.m.t. aðalgötur



✓ Verklýsing

✓ Kynning verkýsingar

Desember 2016-Janúar 2017

Frumdrög samþykkt til kynningar í umhverfis- og skipulagsráði 26. apríl sl.

✓ Vinnslutillaga

Frumdrög send hagsmunaaðilum Opinn fundur 21. júní

Forkynning tillögu (drög)

Apríl – Júní 2017

Tillaga

Formleg kynningu tillögu og óskað eftir skriflegum athugasemdum

Auglýsing

September – Október 2017

Afgreiðsla



- Heimagisting í flokki I verður bundin við hámark 90 daga, til samans á heimili viðkomandi og/eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota. Heilsárs gistingu er þar með útrýmt innan íbúðarbyggðar, miðað við gildandi ákvæði aðalskipulags, nema hún sé skilgreind sem flokkur II við aðalgötur eða í kjörnum.
- Gististaðir í flokkum IV og V eru sameinaðir. Áhrif þessa eru takmörkuð, þar sem heimildir um viðkomandi flokka fylgjast ávallt að í skilgreiningum landnotkunar í gildandi aðalskipulagi.
- Rekstrarleyfi útgefin af sýslumanni verða eftir lagabreytingu ótímabundin.
- Veitingastaðir í flokki II, sem heimila vínveitingar, verða ekki lengur háðir lagaákvæðum um opnunartíma.

Megin markmið og tilgangur breytingartillagna eru eftirfarandi:

- Að stefnuákvæði aðalskipulagsins og skýringar endurspegli breytt lög um veitinga- og gististaði
- Að breyta og bæta einstök stefnuákvæði og framsetningu stefnunnar um gisti- og veitingastaði í ljósi reynslunnar að framfylgja viðkomandi ákvæðum
- Að huga að afmörkuðum breytingum á stefnu um gististaði vegna mögulegra áhrifa breyttra lagaákvæða
- Endurbæta stefnu um gististaði í ljósi vaxtar ferðapjónustunnar


## Stefna um gististaði í aðalskipulagi – endurskoðun

- Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 staðfest í febrúar 2014 - stefna mótuð 2012-2013
- Ákvæði um sérstaka úttekt á þróun ferðapjónustu í miðborginni:  
„Vinna sérstaka stefnu og úttekt um hótél og gististaði, sem verði kláruð áður en ráðist verður í gerð hverfisskipulags fyrir miðborgina“
- Gjörbreyttar forsendur og reynslan af beitingu gildandi ákvæða
- Skipulagsbreytingar, samþykktar og í ferli:
  - ✓ Sérskilmálar í deiliskipulagi Kvosarinnar – kvóti á gististaði í flokki II-V (júní 2015)
  - ✓ Endurskoðun miðborgarstefnu boðuð – verklýsing (febrúar 2016)
  - ✓ Takmarkanir á gistiþjónustu í miðborgarkjarna (M1a) - í auglýsingu til 23. júní
  - ✓ **Almennar heimildir um gisti- og veitingastaði – verklýsing kynnt í nóv. 2016.**
- Vinnuhópar – endurskoðun stefnu um gististaði
- Lagaumhverfi – túlkun laga




## Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu 2001-2016

Skráðar nætur. Heimild: Hagstofa Íslands



# Gististaðir í flokki I-V og stefnuákvæði AR2010-2030

Heimild: Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu






# Ógn við hverfissamfélagið og hina sögulegu byggð ?

Lykil mælikvarðar á þróunina




Íbúafjöldi innan Hringbrautar í Reykjavík 2001-2016



Meðalfjöldi íbúa á íbúð í miðborgarkjarna M1a, Laugavegur+.

Heimild: Borgarsjá, Umhverfis- og skipulagssvið




# Ógn við atvinnuþróun?

Lykil mælikvarðar á þróunina

## Hótel og veitingastaðir sem hlutfall af atvinnuhúsnæðis.

Samþykkt áform um nýbyggingar. Heimild: Byggingarfulltrúi 2016, 2017



# Stefna um veitinga- og gistinguþjónu í gildandi aðalskipulagi

A large, dark, industrial propeller is the central focus of the image. It is set against a background of a factory interior with red-painted walls and various metal structures. In the lower-left background, a person wearing a dark jacket and a hat is visible, looking towards the camera. The lighting is dramatic, with strong highlights and deep shadows, creating a sense of scale and industrial atmosphere.

## Skapandi borg

Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að borgin vaxi og dafni. Reykjavík eru helstu atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu, hvort sem litið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, flutninga eða iðnaðar.

Styrkur atvinnulífsins í Reykjavík er fjölbreytni þess. Skynsamlegt er að viðhalda þessari fjölbreytni og skapa samtímis vaxtarskilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar, einkum á sviði hátækni, grænnar orkunýtingar og menningar. Reykjavík styrkir þannig hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystuafl í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, vinnuafli og ferðamenn...

Að tryggja rými fyrir atvinnustarfsemi á sviði sjávarútvegs, iðnaðar, flutninga, verslunar og þjónustu, viðskipta, stjórnsýslu, hátækni, rannsókna og þekkingar, ferðamennsku, menningar og afþreyingar....

Efling miðborgarinnar sem kjarna stjórnsýslu, verslunar, þjónustu, menningar og ferðaþjónustu, er lykilatriði við að styrkja atvinnulíf höfuðborgarinnar...



# Hvar má opna veitingastaði og byggja hótél og gistiheimil? - Almenn ákvæði

**Tafla 2. Veitingastaðir.** Frekari ákvæði um vinveitingastaði eru sett í málsmæðferðarreglum borgarráðs, svo sem um útveitingar og áfengisveitingar á glististöðum.

	Veitingastaðir			Sérstök ákvæði / skilyrði
	Flokkur I*	Flokkur II**	Flokkur III***	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Nærþjónustukjarnar	Já	Já	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Aðalgötur	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Bländuð byggð (BB)	Já	Já	Nei	Opnunartími allra flokka takmarkast við kl. 23
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já/Nei	Flokkur III háður mati í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (VP)	Já	Já	Nei	
Hverfiskjarnar	Já	Já	Nei	
Miðborg og miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Flokkur III háður skilyrðum eftir svæðum
Miðborgin - rúmar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/fridaga
Miðborgin - almennar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já	
Miðborgin - takmarkaðar heimildir (sjá kort)	Já	Já	Já/Nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/fridaga á svæðum M3c,d,e
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já	Já	
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Já	Já	Nei	
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	
Þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Já	Já	Já	
Fossaleynir (M10)	Já	Já	Já	
Hádegismóar (M17)	Já	Já	Já	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	
Dugguvogur (M19)	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Athafnasvæði (AT)	Já	Já	Já	
Íþnaðarsvæði	Já	Já	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Já	Já	Nei	
Hafnarsvæði miðborgarsvæðis (H3)	Já	Já	Já	
Órtirisey - blandað athafnasvæði (H2)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 4.30 um helgar/fridaga
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 1.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Íþróttasvæði (ÍÞ)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	
Opin svæði (OP)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Nei	Nei	Nei	
Óbyggð svæði (ÓB)	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	
Frístundabyggð (F)	Nei	Nei	Nei	

\* Veitingastaður án áfengisveitinga. Opnunartími átakmarkaður nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarvæði.

\*\* Veitingastaður með áfengisveitingum, einkum með matsölu, og án háværar tónlistar. Opnunartími skal ávallt takmarkast við kl. 23. Sala áfengis hefst ekki fyrr en kl. 11.

\*\*\* Áfengisveitingastaður þar sem leika má háværa tónlist. Opnunartími og sala áfengis miðst almennt við kl. 11.00-1.00 á virkum dögum og kl. 11.00-3.00 aðfararnótt laugardags og sunnudags og almennra fridaga, nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarvæði.

**Tafla 3. Glistastaðir.** Frekari ákvæði um glistastaði eru sett í málsmæðferðarreglum borgarráðs, m.a. um áfengisveitingar á glististöðum.

	Glististaður					Sérstök ákvæði/skilyrði
	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	Flokkur V	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	
Nærþjónustukjarnar	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Aðalgötur	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Bländuð byggð (BB)	Já	Já	Já	Já	Já	
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótélum í flokki IV og V í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (VP)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Hverfiskjarnar	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Miðborg og miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - kjarni (M1a)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - bländuð miðborgarbyggð - skrifstofur (M1b)	Já	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - bländuð miðborgarbyggð - íbúðarbyggð (M1c)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Já	Já	
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir hótélum/gistiheimilum í deiliskipulagi
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	Já	Já	
Þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Fossaleynir (M10)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Hádegismóar (M17)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	Já	Já	
Dugguvogur (M19)	Já	Já	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já	Nei	Nei	
Athafnasvæði (AT)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Íþnaðarsvæði	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði miðborgarsvæðis (H3)	Nei	Já	Já	Já	Já	
Órtirisey - blandað athafnasvæði (H2)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Nei	Já	Já	Já	Já	
Íþróttasvæði (ÍÞ)	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Opin svæði (OP)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótélum/gistiheimilum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Óbyggð svæði (ÓB)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já	Já	Já	Gera þarf grein fyrir hótélum/gistiheimilum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Frístundabyggð (F)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	

Flokkur I: Heimagisting. Gisting á heimili glistisala.

Flokkur II: Glististaður án veitinga.

Flokkur III: Glististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.


Flokkur IV: Glististaður með minibar.

Flokkur V: Glististaður með bar og/eða veitingastaðu þar sem áfengi er veitt.



## Sértæk ákvæði fyrir íbúðarbyggð – Aðalgötur og nærþjónustukjarnar


- Veitinga- (I-II) og gististöðum (flokkur II og III) beint á svæði innan íbúðarbyggðar (kjarna og aðalgötur), þar sem starfsemin skapar minnst ónæði .
- Reynt að stemma stigu við fjölgun stærri gististaða innan rótgróinna íbúðarhverfa og friðsælum húsaðutum.
- Heimagisting (flokkur I) almennt heimil innan íbúðarbyggðar. Eingöngu heimilt að reka þessa starfsemi í íbúðarhúsnæði og gestgjafi með lögheimili á staðnum.
- Eldri lög og reglugerðir heimiluðu að 16 rúm til útleigu í heimagistingu og árið um kring
- Ný lög breyta gildi stefnuákvæðanna



# Miðborgin – sérstök markmið og ákvæði


## M1 Miðborgin

Í miðborginni fer fram starfsemi sem þjónar landinu í heild, svo sem á sviði stjórnsýslu, viðskipta og menningar. Einnig myndar miðborgin meginkjarna smásöluverslunar, sértækrar þjónustu, afþreyingar og ferðaþjónustu. Efla skal miðborgina sem kjarna stjórnsýslu, menningar, ferðaþjónustu, verslunar og þjónustu auk fjölbreyttrar íbúðarbyggðar. Miðborgin verði ávallt fyrsti valkostur við staðarval stjórnsýslu- og menningarstofnana ríkis og borgar. Á jaðarsvæðum miðborgar, til austurs og vesturs, verði lögð sérstök áhersla á fjölbreytta starfsemi, s.s. á sviði nýsköpunar, hönnunar, lista, matarmenningar og menningartengdrar ferðaþjónustu, auk hótela og gistiheimila. Tryggð verði vaxtarskilyrði fyrir kjarnastarfsemi miðborgarinnar og þar með fjölgun starfa og íbúa í miðborginni.





# Miðborgin – sérstök markmið og ákvæði



**M1b Blönduð miðborgarbyggð Skrifstofur og þjónustustarfsemi** sem fellur að íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistiþjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda á svæðinum. Sjá nánar kaflann *Sérstök ákvæði um starfsemi* hér að aftan. Frekari markmið um þróun svæðisins eru sett fram í kaflanum *Miðborgin í Borg fyrir fólk*, bls. 172.

**M1a Miðborgarkjarni** Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnáslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins, litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðiþjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnáslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistiþjónustu. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum, stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningssýrum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir. Sjá nánar kaflann *Sérstök ákvæði um starfsemi* hér að aftan.

**M1c Blönduð miðborgarbyggð Íbúðarbyggð** Á svæðinu er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðarbyggð og hverfisanda en um leið að efla verslunar- atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Hlutfall íbúðarhúsnæðis skal vera að lágmarki 40% landnotkunar á svæðinu. Íbúðir skulu almennt vera til heilsársúsetu. Heimildir um íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er ætlað til útleigu til ferðamanna skal skilgreina í deiliskipulagi. Ef íbúðir eru í sama húsnæði og atvinnustarfsemi skal íbúðarhúsnæðið ávallt vera á efri hæðum. Á svæðinu gilda takmarkaðar veitingaheimildir miðsvæða, en á götueitum þar sem íbúðarbyggð er yfir 90% landnotkunar (miðað við brúttógólfloft samkvæmt fasteignaskrá) takmarkast heimildir við flokk I og II. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, sjá nánar ákvæði um götuhliðar. Sjá nánar kaflann *Sérstök ákvæði um starfsemi* hér að aftan. Frekari markmið um þróun svæðisins eru sett fram í kaflanum *Miðborgin í Borg fyrir fólk*, bls. 172.



# Breytingartillögur (drög)

Við vinnslu breytingartillagna og í samráðsferli gætu komið fram fleiri atriði, varðandi stefnu um veitinga- og gististaði, sem einnig þyrfti að huga að í endanlegri tillögu. Þær breytingartillögur sem hér eru settar fram geta einnig tekið breytingum eða verið felldar út að loknu samráðs- og kynningarferli.

## Yfirlit:

- Almennar heimildir um veitingahús (tafla 2, bls. 221)
- Almennar heimildir um gististaði (tafla 3, bls. 222)
- Endurskoðun grunn skilgreininga fyrir aðalgötur og nærþjónustukjarna. Lega aðalgatna og staðsetning kjarna
- Endurskoðun skilgreiningar svæðisins M1c innan miðborgarinnar (sbr. auglýst tillaga fyrir svæði M1a)
- Almennar endurbætur á framsetningu stefnunnar

# Breytingar á ákvæðum um vínveitingahús – almenn ákvæði (drög)

Tafla 2. Veitingastaðir. Frekari ákvæði um vínveitingastaði eru sett í málsmeðferðarreglum borgarráðs, s.s. varðandi útveitingar og áfengisveitingar á gístitöðum.				
	Veitingastaðir			Sérstök ákvæði / skilyrði
	Flokkur I*	Flokkur II**	Flokkur III***	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími til allt að 01.00 um helgar/fridaga.
nærþjónustukjarnar	Já	Já	Nei	Opnunartími til allt að 01.00 um helgar/fridaga.
aðalgötur	Já	Já/nei	Nei	Opnunartími til allt að 01.00 um helgar/fridaga.
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (Vp)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
hverfiskjarnar	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Miðborg og Miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Flokkur III háður skilyrðum eftir svæðum
Miðborgin - rými heimildir (sjá mynd 5, bls. 220)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 04.30 um helgar/fridaga
Miðborgin - almennar heimildir (sjá mynd 5, bls. 220)	Já	Já	Já	
Miðborgin - takmarkaðar heimildir (sjá mynd 5, bls.220)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 01.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 04.30 um helgar/fridaga á svæðum M2c,d,e
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já	Já	
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	
þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Já	Já	Já	
Fossaleyfir (M10)	Já	Já	Já	
Hádegismóar (M17)	Já	Já	Já	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	
Vogabyggð-Knarrarvogur (M19)	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 01.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Athafnasvæði (AT)	Já	Já	Já	
Iðnaðarsvæði	Já	Já	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Já	Já	Nei	
Örfirisey - blandað athafnasvæði (H2)	Já	Já	Já	Flokkur III til allt að 04.30 um helgar/fridaga
Örfirisey - fiskihöfn (H1b)	Já	Já	Já	
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III til allt að 01.00 um helgar/fridaga og kl. 23.00 virka daga
Íþróttasvæði (ÍÞ)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	
Opín svæði (OP)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Flokkur I-III háður heimildum í deiliskipulagi
Óbyggð svæði (ÓB)	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já/nei	Flokkur III háður heimildum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	
Frístundabyggð (F)	Nei	Nei	Nei	

\* Veitingastaður án áfengisveitinga. Opnunartími ótakmarkaður nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarsvæði.

\*\* Umfangsþilvir veitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda óvæðingum í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími skal **almenn** takmarkast við kl. 01 um helgar og á frídögum en kl. 23 virka daga. Sala áfengis hefjist ekki fyrr enn kl. 11.

\*\*\* Umfangsmikil áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem teiknir er hávær tónlist og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími og sala áfengis mæld almennt við kl. 11.00-01.00 á virkum dögum og kl. 11.00-03.00 aðfararnótt laugardags og sunnundags og almennra fridag, nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarsvæði.

- **Víðari heimildir á verslunar- og þjónustusvæðum og hverfiskjörnum. Flokkur III mögulegur en háður heimildum í deiliskipulagi**
- **Víkkun heimilda á miðsvæði M7. Skógarhlíð**
- **Strandsvæði hafi sambærilegar heimildir og opin svæði en ávallt háð heimildum í deiliskipulagi**
- **Víðari heimildir á opnunartíma veitingastaða í flokki II**

Eftirfarandi fyrirvari gildir áfram um töfluna (verður settur í neðanmálgrein töflu):

„Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Mögulegt er að endurnýja leyfi um starfsemi sem var til staðar fyrir staðfestingu aðalskipulagsins[26. febrúar 2014], enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnæði og áður. Þetta á þó ekki við á svæðum þar sem tekið er skýrt fram í almennri skilgreiningu landnotkunar að viðkomandi starfsemi skuli vera víkjandi.“

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að viðkomandi starfsemi er háð ákveðnu mati við endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis, t.a.m. eru grenndaráhrif vínveitingastaða á nærliggjandi byggð metin og almennt þarf að huga að byggingarlegum forsendum og heilbrigðissjónarmiðum. M.ö.o. að ákvæði um mögulega endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis samkvæmt aðalskipulagi tryggir ekki eitt og sér að leyfi verði gefið út.

## Breytingar á ákvæðum um gististaði - almenn ákvæði (drög)

**Tafla 3. Gististaðir.** Frekari ákvæði um gististaði eru sett í málsmeðferðarreglum borgarráðs, varðandi m.a. áfengisveitingar á gististöðum.


	Gististaður				Sérstök ákvæði / skilyrði
	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	
Íbúðarbyggð (ÍB)	Já	Nei	Nei	Nei	
nærþjónustukjarnar	Já	Já	Já	Nei	
aðalgötur	Já	Já/nei	Já/nei	Nei	Sjá nánar skilgreiningu aðalgata
Samfélagsþjónusta (S)	Já	Já	Já	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gististöðum í flokki IV í deiliskipulagi
Verslun og þjónusta (VP)	Já	Já	Já	Nei	
hverfiskjarnar	Já	Já	Já	Nei	
Miðborg og Miðsvæði (M)	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin - kjarni (M1a)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/n ei	Gera þarf grein fyrir hótélum/gististöðum í deiliskipulagi. Sjá sérákvæði M1a
Miðborgin- blönduð miðborgarbyggð - skrifstofur (M1b)	Já	Já	Já	Já	
Miðborgin- blönduð miðborgarbyggð-íbúðarbyggð (M1c)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gistingu í flokki II-IV í deiliskipulagi. Sjá sérákvæði M1c
Hlemmur-Grensás (M2a-M2e)	Já	Já	Já	Já	
Skeifan-Sogamýri (M3a-M3b)	Já	Já	Já	Já	
Höfðar-Keldur (M4a-M4d)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gistingu í flokki II-IV í deiliskipulagi.
Vatnsmýri (M5)	Já	Já	Já	Já	
Borgartún (M6)	Já	Já	Já	Já	
Skógarhlíð (M7)	Nei	Já	Já	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gististöðum í flokki IV í deiliskipulagi
Kringlan (M8)	Já	Já	Já	Já	
þjónustukjarnar við stofnbrautir (M9)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Fossaleyfir (M10)	Nei	Já/nei	Já/nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Hádegismóar (M17)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Köllunarklettur (M18)	Já	Já	Já	Já	
Vogabyggð-Knarrarvogur (M19)	Já	Já	Já	Já	
Borgarhlutakjarnar (M11-M16)	Já	Já	Já	Já/nei	Gisting í flokki IV háð heimildum í deiliskipulagi
Athafnasvæði (AT)	Nei	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gistingu í flokki II-IV í deiliskipulagi
Iðnaðarsvæði	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði (H)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Hafnarsvæði miðborgarsvæðis (H3)	Nei	Já	Já	Já	
Örfrisey - blandað athafnasvæði (H2)	Nei	Já/nei	Já/nei	Nei	Gera þarf grein fyrir gistiheimilum í deiliskipulagi
Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	Nei	Já	Já	Já	
Íþróttasvæði (Íþ)	Nei	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gistingu í flokki I-IV í deiliskipulagi
Kirkjugarðar (K)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Opin svæði (OP)	Já	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir hótélum/gistiheimilum í deiliskipulagi
Strandsvæði (ST)	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir gistingu í flokki I-IV í deiliskipulagi
Öbyggð svæði (ÖB)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Landbúnaðarsvæði (L)	Já	Já	Já/nei	Já/nei	Gera þarf grein fyrir hótélum/gistiheimilum í deiliskipulagi
Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu (SL)	Nei	Nei	Nei	Nei	
Frístundabyggð (F)	Já	Nei	Nei	Nei	

Flokkur I: Heimaging. Gisting á heimili gistasala að hámarki 90 daga; Flokkur II: Gististaður án veitinga; Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum; Flokkur IV: Gististaður með áfengisveitingum

- Opnun á víðari heimildir á athafnasvæðum en ávallt háðar heimildum í deiliskipulagi
- Gististaðir í flokki IV ekki útilokaðir á M1c og í borgarhlutakjarna, en háðir heimildum í deiliskipulagi. Til samræmis við vínveitingaheimildir
- Víkkun heimilda á miðsvæði M7. Skógarhlíð
- Heimildir á íþróttasvæðum (golfvellir, þjóðarleikvangur) víkkaðar en háðar heimildum í deiliskipulagi
- Strandsvæði samræmd stefnu um opin svæði
- Tafla uppfærð samanber tillögur að hertum skipulagsákvæðum í miðborginni (M1a og M1c)
- Möguleg þrenging heimilda við aðalgötur (sjá að neðan)

„Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Mögulegt er að endurnýja leyfi um starfsemi sem var til staðar fyrir staðfestingu aðalskipulagsins[26. febrúar 2014], enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnæði og áður. Þetta á þó ekki við á svæðum þar sem tekið er skýrt fram í almennri skilgreiningu landnotkunar að viðkomandi starfsemi skuli vera víkjandi.“

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að viðkomandi starfsemi er háð ákveðnu mati við endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis, t.a.m. eru grenndaráhrif gististaðar á nærliggjandi byggð metin, ef heimilaðar eru vínveitingar á staðnum og almennt þarf að huga að byggingarlegum forsendum og heilbrigðissjónarmiðum. M.ö.o. að ákvæði um mögulega endurnýjun leyfis/útgáfu leyfis samkvæmt aðalskipulagi tryggir ekki eitt og sér að leyfi verði gefið út.



- Aðalgötur verði eingöngu bundnar við íbúðarbyggð, þar með felldar útúr miðborginni og þar sem þær liggja með miðsvæði á beggja vegu
- Skýrar heimildir settar þar sem aðalgötur liggja meðfram öðrum landnotkunarsvæðum á aðra hlið
- Kort yfir aðalgötur og kjarna (mynd 1 bls. 205) verði bætt. Tafla fylgi með korti, með lista yfir götur og götuhluta
- Í samræmi við verklýsingu verði ekki grundvallar breytingar gerðar á stefnunni, en mögulegt að endurskoða afmörkun einstakra gatna og bæta við aðalgötuheimildum á afmörkuðum götuhlutum

- A. Skilgreining endurbætt einkum til að skýra frekar til hvaða húsa aðalgötuheimildir taka og önnur atriði til að skerpa á túlkun
- B. Aðalgötuheimildir þrengdar sérstaklega varðandi gististaði, auk almennra endurbóta til að skerpa á túlkun
- C. Stefna um aðalgötur verði almennt háðar frekari útfærslu í hverfisskipulagi. Leyfisveitingar á grundvelli aðalgötuheimilda í aðalskipulagi, taki eingöngu til núverandi atvinnuhúsnæðis (ekki útfært)

## **A: Skerpt á túlkun og bann við gististöðum á jarðhæðum verslunar- og þjónustuhúsnæðis**

„Meðfram aðalgötum (sjá mynd 1, bls. 205) er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða sé **íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti**. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VP, að skemmtistöðum undanskyldum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II-III.

Opnunartími veitingastaða er til allt að **01.00 um helgar/frídaga (sjá töflu 2, bls. 221)**. Breytt notkun, **vegna opunar veitingastaðar**, í fjöleignarhúsi er háð samþykki meðeigenda, sbr. ákvæði laga um fjöleignarhús. **Ekki er heimilt að breyta eldra verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í gististað. Breytt notkun íbúðarhúsnæðis, vegna gististarfsemi í flokki II og III, skal vera háð samþykki meðeigenda í viðkomandi stigagangi í fjöleignarhúsi.**

Rýmri heimildir um landnotkun gilda eingöngu um hús sem standa við viðkomandi aðalgötu\* og ná einkum til jarðhæða þegar um verslun, þjónustu og veitingastaði er að ræða.

**Þar sem aðalgötur liggja í jaðri annarra landnotkunarsvæða, t.d. miðsvæða, þar sem gilda víðari heimildir um starfsemi, eru heimildir viðkomandi landnotkunarsvæðis ráðandi við þá hlið götunnar. Ef heimildir eru þrengri á aðlægu landnotkunarsvæði, þá gilda aðalgötuheimildirnar, nema annað hafi verið ákveðið í deiliskipulagi**

**Í hverfis- eða deiliskipulagi verði sett nánari ákvæði um starfsemi við aðalgötur, m.a. mögulegar takmarkanir á starfsemi, eftir því sem þurfa þykir.“**

\*Heimildir geta gilt um öll hús sem hafa lóðanúmer við götuna, þó ekki stakstæð bakhús. Rýmri heimildir gilda almennt um allt skráð atvinnuhúsnæði sem stendur við viðkomandi aðalgötu, þ.m.t. bakhús.

Áréttað er að viðkomandi starfsemi getur verið háð ákveðnu mati við endurnýjun leyfa/útgáfu leyfa, t.a.m. varðandi grenndaráhrif á nærliggjandi byggð metin og almennt þarf að huga að byggingarlegum forsendum og heilbrigðissjónarmiðum. Heimildarákvæði um viðkomandi starfsemi samkvæmt aðalskipulagi tryggir ekki eitt og sér að leyfi verði gefið út.



## **B: Ákveðnari takmarkanir á gististarfsemi og rýmri túlkun á afmörkun aðalgötuheimilda**

„Meðfram aðalgötum (sjá mynd 1, bls. 205) er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða sé íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VP, að skemmtistöðum undanskyldum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II-III.

Opnunartími veitingastaða er til allt að 01.00 um helgar/frídaga (sjá töflu 2, bls. 221). Breytt notkun, vegna opunar veitingastaðar, í fjöleignarhúsi er háð samþykki meðeigenda, sbr. ákvæði laga um fjöleignarhús. Ekki er heimilt að breyta eldra verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í gististað. Breytt notkun íbúðarhúsnæðis, vegna gististarfsemi í flokki II og III, skal vera háð samþykki meðeigenda í viðkomandi stigagangi í fjöleignarhúsi. **Umfang gististarfsemi við aðalgötur skal miðast við *Minni gistiheimili*, sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**


Rýmri heimildir um landnotkun gilda eingöngu um hús sem standa við viðkomandi aðalgötu, **hér með talinn hornhús sem hafa mögulega lóðanúmer við hliðargötu\*** og ná einkum til jarðhæða þegar um verslun, þjónustu og veitingastaði er að ræða.


Þar sem aðalgötur liggja í jaðri annarra landnotkunarsvæða, t.d. miðsvæða, þar sem gilda víðari heimildir um starfsemi, eru heimildir viðkomandi landnotkunarsvæðis ráðandi við þá hlið götunnar. Ef heimildir eru þrengri á aðlægu landnotkunarsvæði, þá gilda aðalgötuheimildirnar, nema annað hafi verið ákveðið í deiliskipulagi

Í hverfis- eða deiliskipulagi verði sett nánari ákvæði um starfsemi við aðalgötur, m.a. mögulegar takmarkanir á starfsemi, eftir því sem þurfa þykir.“

\*Heimildir geta gilt um öll hús sem hafa lóðanúmer við götuna, þó ekki stakstæð bakhús nema gerð sé grein fyrir þeim í deiliskipulagi, og hornhús sem hafa lóðanúmer við hliðargötu ef þau standa fast upp við götulínu aðalgötunnar og virk hlið hússins eða meginhlið húss snýr að götunni. Rýmri heimildir gilda almennt um allt skráð atvinnuhúsnæði sem stendur við viðkomandi aðalgötu, þ.m.t. hornhús og bakhús.


Heimildir um veitinga- og gistaða – **Aðalgötur, felldar niður þar sem þær liggja um miðborg/miðsvæði**






**Breytingar á heimildum um aðalgötur og kjarna – mögulegar nýjar aðalgötur**

## Breytingar á heimildum um nærþjónustukjarna



„Nærþjónustukjarnar. Kaupmaðurinn á horninu. Minni matvöruverslanir, bakarí, fiskbúðir og annað til daglegra þarfa innan hverfa. Íbúðir geta verið á efri hæðum viðkomandi bygginga. Veitingastaði í flokki I og II má heimila og gististaði í flokki II-III. Opnunartími veitingastaða er til allt að **01.00 um helgar/frídaga** (sjá töflu 2, bls. 221). Ekki er heimilt að breyta eldra verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í gististað. Nærþjónustukjarnar eru að jafnaði ekki skilgreindir sérstaklega á uppdrætti aðalskipulags sem verslun og þjónusta (VP) og eru einkum innan íbúðarbyggðar (ÍB) samkvæmt aðalskipulaginu. Þar sem nærþjónustukjarnar hafa verið staðsettir innan annarra landnotkunarsvæða, s.s. miðsvæða, þar sem gilda víðari heimildir um starfsemi, eru heimildir viðkomandi landnotkunarsvæðis ráðandi í kjarnanum. Staðsetning nærþjónustukjarna er tilgreind á korti í kaflanum *Kaupmaðurinn á horninu* og á mynd 1, bls. 205 (sjá einnig nánari lýsingu í *Skipulag borgarhluta*).“

## Breytingar á skilgreiningu M1c –íbúðarbyggð í miðborg



Einnig er lögð til eftifarandi breyting á afmörkun svæði M1c:

**Hverfisgata 103-105 verði hluti af M1b svæði.**

„Á svæðinu er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðarbyggð og hverfisanda en um leið að efla verslunar- atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð.... Íbúðir skulu almennt vera til heilsársbúsetu...Ef íbúðir eru í sama húsnæði og atvinnustarfsemi skal íbúðarhúsnæðið ávallt vera á efri hæðum. Á svæðinu gilda takmarkaðar veitingaheimildir miðasvæða, en á götueitum þar sem íbúðarbyggð er yfir 90% landnotkunar (miðað við brúttógólfliót samkvæmt fasteignaskrá) takmarkast heimildir við flokk I og II. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, sjá nánar ákvæði um götuhliðar. Sjá nánar kaflann *Sérstök ákvæði um starfsemi*. Frekari markmið um þróun svæðisins eru sett fram í kaflanum *Miðborgin í Borg fyrir fólk*.

**Á svæði M1c má ekki breyta núverandi húsnæði, s.s. íbúðum, skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði og öðru atvinnuhúsnæði í gistiþjónustu. Mögulegt er þó að skilgreina gistiþjónustu sem ákveðið hlutfall starfsemi nýrrar uppbyggingar\* við skilgreindar aðalgötur, að undangenginni deiliskipulagsgerð, svo lengi sem hún skerði ekki gæði, stærð eða magn íbúða, skrifstofurýmis eða verslunarhúsnæði sem er fyrir.“**

\*Ný uppbygging eru nýbyggingar, viðbyggingar við eldra húsnæði og eftir atvikum endurbygging húsnæðis. Með endurbyggingu húsnæðis er átt við uppbyggingu þar sem fram fer samhliða á sömu lóð endurbygging eldra húsnæðis og nýbyggingar og takmarkaður hluti eldra „

Efnispáttur	Áhrif breytingartillögu	
<p><i>Styðja breytingar á einstökum skipulagsákvæðum við megin markmið aðalskipulagsins, s.s. að vernda íbúasamfélag hverfanna og að stuðla að fjölbreyttari verslun og þjónustu og mannlífi innan hverfanna?</i></p>	<p>Leiðarljós við mótun tillagnanna er að þær séu í samræmi við viðkomandi markmið. Almennt er verið að auka sveigjanleikann að efla verslun og þjónustu innan íbúðarbyggðar, en hinsvegar sett skýrari ákvæði og kröfur um uppbyggingu gistiþjónustu. Fjölgun aðalgatna getur létt á þrýstingi sem verður mögulega á núverandi aðalgötum með breyttum lögum um gististaði, og mögulega dregið úr óskráðri gistingu innan hreinnar íbúðarbyggðar.</p>	+
<p><i>Geta stakar breytingar haft neikvæð áhrif á aðliggjandi byggð, einkum íbúðarbyggð í næsta nágrenni?</i></p>	<p>Markmið breytinganna er annarsvegar að skýra heimildir um verslun og þjónustu innan íbúðarbyggðar og koma betur böndum á uppbyggingu gistiþjónustu. Undirstrikað er að staðbundin áhrif, t.d. vegna vínveitingastaða og gististaða eru mögulega skoðuð á neðri stigum. Breytingartillögurnar eru sendar til hverfisráða borgarinnar til kynningar.</p>	0
<p><i>Geta breytingar verið íþyngjandi fyrir rekstraraðila á einstökum svæðum og/eða hamlað nýliðun starfsemi á viðkomandi svæði?</i></p>	<p>Almennt er verið að auka sveigjanleika varðandi veitingastaði en auka stýringu vegna gististaða. Aukin stýring vegna gististaða mun væntalega draga úr nýliðun á viðkomandi svæði.</p>	+/-
<p><i>Hvernig samræmast breytingar stefnumörkun í öðrum málaflokkum á vegum Reykjavíkurborgar?</i></p>	<p>Breytingartillögur samræmast almennt vel stefnu í öðrum málaflokkum og þeirri stefnumótun sem er í vinnslu varðandi þróun ferðaþjónustustunnar.</p>	+

✓ Verklýsing

✓ Kynning verkýsingar

Desember 2016-Janúar 2017

Frumdrög samþykkt til kynningar í  
umhverfis- og skipulagsráði 26. apríl sl.

✓ Vinnslutillaga

Frumdrög send hagsmunaaðilum  
Opinn fundur 21. júní

Forkynning tillögu (drög)

Apríl – Júní 2017

Tillaga

Formleg kynningu tillögu og óskað eftir  
skriflegum athugasemdum

Auglýsing

September – Október 2017

Afgreiðsla

# Stefna um veitinga- og gististaði

Opinn fundur, Borgartúni kl. 17.00-18.30, 21. júní 2017



**Athugasemdum komið á framfæri á skipulag@reykjavik.is fyrir 1. ágúst**

**Kynningargögn gerð aðgengileg á adalskipulag.is**

## Opinn kynningarfundur um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

### Gildandi stefna um veitinga- og gististaði

Hvaða atriði stefnunnar eru til endurskoðunar og forsendur breytinga.

### Breytingartillögur

Drög að breyttum heimildum um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum.

**Haraldur Sigurðsson**, skipulagsfræðingur, deildarstjóri aðalskipulags kynnrir

### Umræður og fyrirspurnir

**Fundarstjóri: Halldór Nikulás Lárusson**

Einnig til svara á fundinum eru :

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs,

Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur sviðsstjóra

Jón Kjartan Ágústsson, skipulagsfræðingur

Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur, ritari